



**Bæjarráð Akraness**

**Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri**

**Akranesi 12.03.15**

**Varðandi: Gaman saman - gjaldskrá vorönn 2015**

**Málsnúmer: 1503027**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. mars sl. var eftirfarandi bókað:

*„Skóla- og frístundaráð styður framkomna tillögu um gjaldskrá fyrir þátttöku frístundatilboðinu Gaman saman og óskar eftir að bæjarráð staðfesti hana“.*

Á fundi skóla- og frístundaráðs kom eftirfarandi fram:

Erindi kom frá frístundamiðstöðinni Þorpinu til gjaldskrárnefndar síðari hluta ársins 2014 um að samræma gjaldskrá tómsundatilboðsins Gaman saman fyrir 10-12 ára börn í Þorpinu og fötluð 10-12 ára börn sem skráð eru í frístundaklúbbinn í Þorpinu. Gjaldskrárhópur afgreiddi ekki tillöguna. Vegna þess að um þróunarverkefni er að ræða, fylgdi gjaldskráin ekki með öðrum gjaldskrá Akraneskaupstaðar þegar gengið var frá hækkunum í lok desember en rétt er að birta hana framvegis með öðrum gjaldskrá á heimasíðu bæjarins.

Nú hefur Gaman saman verkefnið fest sig í sessi og gjaldskráin sömuleiðis. Meðfylgjandi gjaldskrá byggir á sama grunni og innheimt var á haustönn en upphæðir hafa verið hækkaðar 3,4%.

Meðfylgjandi er gjaldskráin með 3,4% hækkun miðað við árið 2014.

Virðingarfyllst,

*Helga Gunnarsdóttir*  
Helga Gunnarsdóttir

sviðsstjóri





**Gjaldskrá fyrir Gaman-saman vor 2015.**

Vorönnin skiptist í tvö jafn löng tímabil:

1. tímabil: 6. jan til 15. mars

2. tímabil: 16. mars til 5. júní

Verð fyrir **HVERT** tímabil er eftirfarandi:

5 dagar í viku	17.500
4 dagar í viku	14.000
3 dagar í viku	10.500
2 dagar í viku	7.000
1 dag í viku	3.500

Hvert tímabil er 10 vikur.

Verð miðast við 350kr á dag (175kr á klst) sem er 3,4% hækkun síðan á haustönn.

Greiðsluseðlar verða sendir út í byrjun mars fyrir 1. tímabil og í maí fyrir seinna tímabilið.

Það er hægt að nýta tómstundaframlag Akraneskaupstaðar til móts við gjaldið í Gaman-saman.

Tómstundaframlagið er 25.000kr fyrir árið.

Foreldra geta valið um upphæð tómstundaframlags sem þeir vilja nýta fyrir GS.

Enginn systkinaafsláttur er veittur vegna gjalds vegna tómstundatilboðsins GS.

